

Alvara lífsins á Laugarnesi

Magnus Kjartansson, Kjarvalsstöðum

Í STUTTU MÁLI: MAGNÚSI ER MIKIL ALVARA Á SÝNINGU ÞAR SEM HANN BREYTIR UM STÍL, EN MEÐ MISJÖFNUM ÁR-ANGRI.



MYNDLIST

GUNNAR ÁRNASON

Krists, þ.e. píslargangan, krossfestingin, föstudagurinn langi og upp- rísan. En píslarsagan gerist ekki í landinu helga heldur Laugarnesinu.

„Píslarsagan gerist ekki í landinu helga heldur Laugarnesinu. Kristur er krossfestur fyrir framan nýja Sambands- húsíð.“

Kristur er krossfestur fyrir framan nýja Sambandshúsíð. Í fjórðu myndinni, „Upprisu“, sést hins vegar aðeins í fót með sár á ristinni við hliðina á skál. Allar eru myndirnar mjög efnismiklar, byggðar upp með sandi og trúfílsum, sem myndin er máluð er inn í, eins og til að leggja áherslu á aðgreiningu efnis og anda, sálar og líkama.

Hinar myndirnar fimm eru nokkuð frábrugðnar þessum. Þær vísa ekki til píslarsögunnar, tvær þeirra hafa tilvisun í boðun Maríu í titlinum, en enga beina myndlýsingu af atburðum Biblíunnar. Það

sem fyllir út í myndflóttinn á fjórum þeirra eru höfuð þar sem höndum er haldið fyrir andlitið. Það fer enginn í grafgötur með að hér er viðfangsefnið djúpar tilfinningar, þjáning og örvening. Er hægt að velja sér erfiðara viðfangsefni? Er þetta yfirleitt viðfangsefni sem myndlist samtímans ræður við?

Það er umhugsunarvert að þótt það sé tabú að sýna þjáningu sína á almannaþæri eða jafnvel í þröngum hópi (sá þjáði hylur andlitið), þá erum við umkringd ímyndum og eftirmyndum af þjáningu annarra í fréttamyndum, sjónvarpi og kvikmyndum. Við viljum fyrir alla muni forðast nána snertingu við þjáninguna sjálfa en erum sólgín í frásagnir af óföllum og ógæfu fólks. Enda fitnar skemmtanaíðnaðaur rækilega á því að sedja eftirspurn okkar eftir hættulausum ímyndum þjáningarinnar. Ef Spielberg getur skrúfað frá tákakirtlum lýðsins með milljarða- kvikmynd um fjölda- morð gyðinga, hverju hefur þá myndlist við að bæta?

Allt hefur verið reynt og öllum brögðum beitt til að fá okkur til að hrylla við tilhugsuninni um óbærilegar þjáningar. En þetta er retórik, mælska, og af henni höfum við nóg. En við höfum líka unun af mælskunni og erum alltaf tilbúin að gefa okkur henni á vald og verða snortin, enda veltur allt á því að mælskan hrifi. Þetta er þó ekkert annað en uppgerð. Öll list sem reynir að skýra frá og lýsa þjáningu



manna virðist ekki komast hjá því að beita fyrir sig mælsku í einhverri mynd og höfða til tilfinningasemi fólks.

Þetta er spurning hvað maður sættir sig við í listinni. Lætur maður sér nægja blekkingarleikinn sem rambur sífellt á barmi ótrúverðugrar tilfinningasemi? Eða krefst maður þess að listaverkið eigi einhverja hlutdeild í þeirri þjáningu sem hún lýsir? Ef svo er þá er kannski ekkert annað ráð en að „hlylja andlitið“, þ.e.a.s. sýna hana ekki beint. Mig grunar að það hafi á endanum orðið niðurstaða Magnúsar í myndinni

„Fenejaskólinn I: Boðunin“. Ef lit- ið er á myndirnar frá Laugarnesinu sem upphaf seriunnar, þar sem mest er lagt upp úr sviðsetningu og myndlýsingu, þá er þessi mynd lokapunkturinn, þar sem hulið andlitið er falið bak við málverkið. Það er eins og Magnús hafi málað yfir myndina, nema rétt í kringum augun, þar sem sést í fingur sem halda fyrir andlitið.

Það væri afar harðneskjulegt að segja að sýningin væri misheppnuð — það eru fáir sem hella sér jafn innilega út í viðfangsefnið — en þetta er eina myndin sem er fylli-

lega trúverðug, ef ég hef skilið viðfangsefni Magnúsar rétt.

Það eru nokkur smáatriði sem trufla stemmninguna á sýningunni, eins og símtólið sem er tengt við kross — beinlínusamband við guð- dóminn — sem er alveg á skjön við myndina, og latneskar áletranir skornar í spýtur, sem er ofaukið t.d. í „Boðun Maríu“. Ég gæti trúað að myndirnar nytu sín betur við aðrar aðstæður, sérstaklega „Boðun Maríu“, „Memento“ og „Fenejaskólinn I“, t.d. í minni sal, með dekkri bakgrunni og mildari lýsingu. Þegar svo mikið er í húfi má engu skeika.

Chaplin **bakhlíðin** og Heiðar sætastir

Guðmundur Rúnar Lúðvíksson, trúbador á Fögetanum til margra ára, furðufugl, hjólréidamaður og myndlistarmaður, fer utan til Rotterdam í næstu viku til að halda áfram að rækta listgrein sína. Þar mun hann að auki halda sýningu. Með vorinu tekur hann svo þátt í myndarlegri samsýningu á Bretlandi í til- efnir lýðveldisárs. Sagt er að það sé ekki síst honum að þakka að efnt verður til þeirrar sýningar.

Sefirðu í náttfötum? Aldrei. Alltaf nakinn með ann alveg bi- sperrtan.

Hvort sefur þú meira eða vakir yfir sjón- yarpinu?

Ég horfi aldrei á sjónvarp. Ef ég horfi á það þá sef ég yfir því.

Hver er fallegasti karlmaður sem þú hef- ur séð?

Mér finnst Chaplin sætastur, svo finnst mér Heiðar snyrtir voða sætur.

Hvort er í meira uppáhaldi hjá þér, Ingbjörg Sólrún Gísladóttir eða Markús Örn Antonsson?

Hverjir eru það? Ég þekki þau ekki.

Hver er þinn edlilegi háralitur?

Hárið er eiginlega bara horfið. Ég held að það sé skolleitt, — að minnsta kosti stendur það í passanum mínum.

Hvaða ilmvatn notarðu?

Ég held að það sé bara svitafýla dags- daglega.

Lestu viðskiptablað Morgunblaðsins?

Er það til líka?

Áttu plötu með Björk Guðmundsdóttur? Já.

Telurðu að Kristján Jóhannsson sé heimsfrægur?

Ég vil setja spurningarmerki við það, en fyrir mér er hann heimsfrægur. Hann er góður listamaður.

Hvort finnst þér Bubbi betri týpa sem mjúki eða harði maðurinn?

Hefur hann einhvern tíma verið mjúkur eða harður? Mér finnst hann bara góður eins og hann er.

Ertu daðrari í edli þínu? Örugglega.

Hlustar þú á Heimi Steinsson? Nei.

Trúirðu á líf eftir dauðann?

Nei, ég trúi að við lifum í dauðanum nú þegar.

Hvaða dýrategund vildirðu helst til- heyrja?


Ég er ofsalega hrifinn af flugum. Það er sennilega af því ég hnýti flugur sjálfur. Já, ég myndi vilja vera fluga.

Hvað telurðu þig hafa fengið helst í vöggugjöf frá móður þinni annars vegar og föður þínum hins vegar?

Frekjuna frá móður minni en vísinda- hyggjuna frá föður mínum.

Áttu fræga forfedur?

Mér er sagt að Bólu-Hjálmar sé frændi minn. Það hefði ekki þótt neitt voða fint einhvern tíma. En mér finnst það



voða fint.

Hvað varstu gamall þegar þú uppgötv- aðir þig sem kynveru?

Ha, Kínverja? Já, kynveru. Tíu, ellefu ára. Ég man einmitt eftir því að á þess- um aldri skrifaði ég „ríða“ á skólavegg og var skammaður af skólástjóranum.

Um leið var ég upplýstur um hvað orð- ið ríða þýðir.

Hver er uppáhaldslíkamsparturinn þinn?

Hendurnar.

Hvaða líkamspart hatarðu mest?

Tærnar. Þær eru óþolandi.

Hvert ferðu þegar þú vilt láta þig hverfa?

Oftast á vinnustofuna en stundum í fjórufurð.

Ertu karlremba?

Já.

Hverjar eru hetjurnar þínar?

Prins Valiant og Ástríkur.

Skilafrestur launaskýrslna o.fl. gagna

Samkvæmt lokamálgrein 93. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt hefur skilafrestur eftirtalinnna gagna sem skila ber á árinu 1994 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1993 verið ákveðinn sem hér segir:

1. Til og með 21. janúar 1994:

1. Launaframtal ásamt launamiðum.
2. Hlutfjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.

2. Til og með 20. febrúar 1994:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

3. Til og með síðasta skiladegi skattframtala 1994:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölul. C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum þar sem fram koma upplýsingar varðandi samninga sem eignarleigufyrirtæki, sbr. II. kafla laga nr. 19/1989, hafa gert og í gildi voru á árinu 1993 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði sem eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI